

30. apríl 2013

Afkoma Skipta hf. á árinu 2012

- Tap eftir skatta nam 3,4 milljörðum samanborið við 10,6 milljarða 2011
- Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, án einskiptisliða, nam 8,1 milljarði samanborið við 6,3 milljarða árið áður
- 100% samþykki skuldabréfaeigenda og annarra lánveitenda við tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu Skipta
- Sala nam 28,9 milljörðum króna samanborið við 27,9 milljarða árið áður.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 7,4 milljörðum króna samanborið við 6,0 milljarða árið áður. Hækkun EBITDA skýrist einkum af hagræðingaraðgerðum sem félagið hefur gripið til. EBITDA hlutfallið var 25,5% en var 21,5% árið 2011.
- EBITDA hlutfall, án einskiptisliða, er 28% en var 22,6% árið áður.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 6,3 milljörðum króna, samanborið við 4,5 milljarða árið áður. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 4,2 milljörðum króna.
- Fjármagnsgjöld voru 5,5 milljarðar króna. Vaxtagjöld voru 5,6 milljarðar, vaxtatekjur voru 0,3 milljarðar og gengishagnaður 0,2 milljarðar.
- Vaxtaberandi skuldir námu 62 milljörðum um áramót en voru 60,8 milljarðar árið áður.
- Eiginfjárlutfall Skipta hf. er 10,2% og eigið fé er 7,9 milljarðar króna.
- Alls greiddi Skipti hf. 4,4 milljarða í afborganir og vexti árið 2012. Öll lán félagsins eru í skilum.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta hf:

„Þetta uppgjör sýnir vel þann árangur sem hefur náðst í rekstri Skipta og dótturfélaga á undanförunum árum. Gripið hefur verið til viðamikilla hagræðingaraðgerða og unnið á grundvelli áætlunar sem miðar að því að hámarka arðsemi rekstrarfélaganna. Með því hefur verðmæti Skipta verið aukið verulega sem auðveldar fjárhagslega endurskipulagningu til að leggja grunn að nýrri langtímafjármagnsskipan Skipta. Eins og kom fram í tilkynningu Skipta til kauphallar hafa allir kröfuhafar félagsins samþykkt að gerast aðilar að tillögu Skipta að frjálsum samningum um fjárhagslegri endurskipulagningu Þetta er gríðarlega mikilvægur áfangi og gerbreytir rekstrarumhverfi fyrirtækisins til framtíðar.“

Þá gerði Skipti í mars á þessu ári sátt við Samkeppniseftirlitið um að ljúka öllum málum sem til meðferðar voru hjá eftirlitinu og sneru að Símanum. Nú er unnið að innleiðingu sáttarinnar og er stefnt að því að hún verði að fullu komin til framkvæmda á haustmánuðum.

Skipti og dótturfélög hafa undanfarin misseri nýtt það svigrúm sem skapast hefur, m.a. vegna lítilla framkvæmda við ný íbúðarhverfi, og lagt verulega fjármuni í Ljósnet svæðingu. Í janúar á þessu ári var tilkynnt að verkefnið yrði stækkað og 53 staðir á landsbyggðinni bættust við þá staði á suðvesturhorninu sem munu fá ljósnet. Með þeirri viðbót geta yfir 100 þúsund heimili fengið stórauðinn internethraða og margar háskerpustjónvarpsrásir með tilkomu ljósnets. Ísland er þegar í fremstu röð hvað varðar háhraðanetstengingar heimila og fyrirtækja og þetta verkefni festir landið í sessi hvað þetta varðar.“

Helstu niðurstöður í rekstri á árinu 2012

Reikningsskilaaðferðir

Samstæðuársreikningur Skipta hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Skipta hf. og dótturfélaga þess. Stjórn og forstjóri Skipta hf. hefur staðfest ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2012.

Rekstur

Salan á árinu 2012 nam 28.889 m.kr. samanborið við 27.932 m.kr. árið áður, sem er 3,4% hækkun.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 7.380 m.kr. miðað við 6.006 m.kr. árið áður. Hækkun EBITDA skýrist í meginatriðum af hagræðingaraðgerðum í rekstri. EBITDA án einskiptisliða var 8.070 m.kr. samanborið við 6.289 m.kr. árið áður.

EBITDA hlutfallið var 25,5% en var 27,9% sé ekki tekið tillit til einskiptiskostnaðar. EBITDA hlutfallið var 21,5% árið 2011.

Afskriftir félagsins námu 5.432 m.kr. á árinu samanborið við 6.539 m.kr. árið áður. Munurinn skýrist einkum af minni virðisrýrnun óefnislegra eigna. Virðisrýrnun nam 1.685 m.kr. á árinu 2012.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 3.403 m.kr. samanborið við 10.573 m.kr. tap á árinu 2011. Tapið nú skýrist einkum af óhagstæðum fjármagnsliðum tengdum hárrí skuldsetningu félagsins. Vaxtakostnaður var 5.536 m.kr. auk virðisrýrnun óefnislegra eigna sem var 1.685 milljörðum króna. Virðisrýrnun óefnislegra eigna nam um 2.710 m.kr. árið 2011.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 6.288 m.kr. á árinu en var 4.451 m.kr. á fyrra ári.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 2.927 m.kr. á árinu en voru 2.779 m.kr. árið 2011.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 77.295 m.kr. 31. des 2012 og minnkuðu eignir um 2,1 ma.kr. sem að mestu skýrist af virðisrýrnun óefnislegra eigna. Vaxtaberandi skuldir voru 62 milljörðum um áramót en voru 60,8 milljarðar árið áður.

Eigið fé félagsins nam 7.893 m.kr. í lok árs 2012 og eiginfjárhlutfall var 10,2%.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir:

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, sími 550-6003.

Um Skipti hf.

Skipti reka fyrirtæki sem starfa einkum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, á Íslandi og erlendis. Hlutverk Skipta er að sinna sameiginlegri þjónustu fyrirtækjanna á einum stað, með hagræði og sveigjanleika að leiðarljósi. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Skjárinn, Sensa, Staki, On-Waves Radiomiðun og Talenta. Erlen­dis rekur Skipti fjarskipta­félagið Síminn DK og Sensa DK í Danmörku.